

**Skóli í Skarðshlíð**

<b>Tilfni fundar:</b> Verkfundur	<b>Fundur nr.</b> 24
<b>Fundarstaður:</b> Í vinnubúðum verktaka á verkstað við Hádegisskarð Hafnarfirði	<b>Fundarritun:</b> HÁ/KB
<b>Dagsetning:</b> 30. janúar 2019	
<b>Tími:</b> 14:00 - 15:20	

**Mættir:**

Verkís:	Hilmar Ástþórsson Kristján Björnsson	<a href="mailto:hia@verkis.is">hia@verkis.is</a> 846-0011 <a href="mailto:kb@verkis.is">kb@verkis.is</a> 824-6313
Eykt ehf.:	Hlynur Gissurarson	<a href="mailto:hlynur@eykt.is">hlynur@eykt.is</a> 822-4418
Skarðshlíðarskóli:	Ægir Berg Elísson Ingibjörg Magnúsdóttir	<a href="mailto:aegirberg@hafnarfjordur.is">aegirberg@hafnarfjordur.is</a> <a href="mailto:ingibjorg@skarshlidarskoli.is">ingibjorg@skarshlidarskoli.is</a>
VSB:	Stefán B. Veturliðason	<a href="mailto:stefan@vsb.is">stefan@vsb.is</a>

**Dreifing:**

Fundarmenn	
Sigurður Haraldsson	Hafnarfjarðarbæ
Örn Guðmundsson	VSB
Ragnar Haraldsson	Verkís
Ólafur Ívar Baldvinsson	Verkís
Kjartan Mar Eiríksson	Verkís



Nr.	Málefni	Ábyrgur
1	<b>Almennt</b> <i>Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðast fundi.</i>	
1.1	<b>Síðasta fundargerð</b> Fundargerð síðasta verkfundar er samþykkt og undirrituð. <i>Verkfundargerðir eru sendar út með tölvupósti og eru einnig settar á verkefnavef verktaka.</i>	
1.2	<b>Umsjón verkkaupa</b> <i>Umboðsmaður verkkaupa er Sigurður Haraldsson frá Hafnarfjarðarbæ og verkefnisstjóri verkkaupa er Stefán B, Veturliðason frá VSB verkfræðistofu.</i> <i>Eftirlit er í umsjón Verkís, umsjónarmaður er Kristján Björnsson, eftirlitsmenn við daglegt eftirlit eru: Hilmar Ástþórsson byggingavirki, Kjartan Mar Eiríksson lagnir og loftræsing, Ragnar Haraldsson og Ólafur Ívar Baldvinsson rafbúnaður.</i>	
1.3	<b>Umsjón verktaka</b> <i>Staðarstjóri og byggingastjóri:</i> <i>Dorgeir Margeirsson, toggi@eykt.is s: 822-4414</i> <i>Verkstjórar:</i> <i>Hlynur Gissurarson, hlynur@eykt.is s: 822-4418</i> <i>Pétur Fannar Sævarsson, s: 822-4442</i>	
1.4	<b>Tryggingar</b> <i>Búið er að lækka tryggingu, eftir fyrsta áfanga (var gert í gær 09.10.2018).</i>	
1.5	<b>Heilbrigði, öryggi og umhverfi</b> <i>Öryggis- og heilbrigðisáætlun liggur fyrir og er aðgengileg eftirliti á verkstað.</i> <i>Búið er að girða vinnusvæðið af, vinnusvæðið er lokað og læst utan vinnutíma.</i> <i>Við opnun skólans hafa verklagsreglur varðandi öryggi gagnvart börnum og starfsfólki skólans verið hertar.</i>  <i>Verktaki leggur áfram áherslu á að ekki sé unnið í húsbyggingu C nema eftir klukkan 14:00 á virkum dögum. Þegar unnið er í húsbyggingu C er gengið út frá því að vinna þar sé afskermd.</i>  <i>Mikilvægt að eftirfylgni/eftirlit sé áfram með vinnugirðingum og tryggt að umferð inn á vinnusvæði sé ekki greiðfær.</i>	



*Slys varð á skólabarni þegar að kæliborð í matsal valt yfir sig og barn lenti undir, áverkar hlutust af og marðist barn töluvert. Kæliborð hefur verið tekið úr umferð og fjarlæggt, unnið er að úrbótum/lagfæringu á kæliborði. Bæði kæli- og hitaborð eru komin.*

Verktaki upplýsir um að vinnuslys hafi átt sér stað frá síðasta verkfundi. Starfsmaður undirverktaka (parketlausnir) féll til jarðar úr ca. metershæð og handabrotnaði á báðum höndum. Vinnuslys var tilkynnt til vinnueftirlits.

Vinnueftirlit er á verkstað í dag í almennri úttekt vinnusvæðis.

Í framhaldi af umræðum um hífingar á í húsbyggingu F fór verktaki yfir vinnulag, gerði áhættumat og hélt öryggisfund með viðkomandi aðilum. Verktaki sendi fundargerð frá umræddum öryggisfundi á eftirlit, unnið er að hífingum holplatna í dag.

Ábending barst frá lögreglu, vegna slysaáætlu á reiðhjólástöndum framan við skólabyggingu. Reiðhjólástandar eru lágir og bent á að slysaáætla geti hlotist af ef þeir snjóá í kaf, umhverfis þá er ekki girðing til aðgreiningar.

Verktaki tekur ábendingunni sem slíkri góða og gilda en gerir athugasemd við boðleið ábendingar. Verktaka þykir ekki eðlilegt að slíkar athugasemdir berist beint frá lögreglu en ekki skólastjórnendum. Athugasemd er tekin til skoðunar og rætt um mögulegar úrbætur, landslagsarkitekt verði dreginn að borðinu og verktaki leggi fram tillögu að úrbótum/lausn.

## 1.6 Upphaf og lok framkvæmda

*Samningur um verkið var undirritaður 28.7.2017*

*Samningsupphæð er kr. 3.979.077.263,-*

*Fyrsta skóflustungan var tekin 21.8.2017.*

## 1.7 Aðstaða og athafnasvæði verktaka

*Vinnusvæðið er að hluta til í skólasvæði. Verktaki er búinn að fara í gegnum ýmis atriði sem varða öryggi með skólastjóra og húsverði. Aðgengi og öryggi þeirra sem koma að skólanum verður tryggt.*

Verktaki hefur unnið að niðurtekt byggingarkrana á vinnusvæði, búið er að taka niður og fjarlægja minni kranann. Verktaki er farinn að huga að niðurtekt á stærri krana og tilheyrandi kranasporum.

## 1.8 Veitustofnanir

*Fjarskiptastrengir frá bæði Milu og Gagnaveitu hafa verið tengdir og lagðir inn í nýbyggingu.*



Gagnaveita kemur til með að setja upp miðlæga dreifistöð fyrir hverfið í skólabyggingunni. Búið er að leggja alla strengi innan lóðar og í millikassa. Gagnaveitu hefur verið úthlutað veggplássi til uppsetningar á búnaði. Frádráttarmælir verður settur upp, í framhaldinu kemur Skarðshlíðarskóli til með að rukka Gagnaveitu, ekki verður settur upp sér mælir fyrir umræddan búnað Gagnaveitu.

### 1.9 Samstarf við aðra

Eftirtaldir undirverktakar koma að verkinu:

*Jarðvinna, Gröfumaðurinn ehf. Uppsteypa, GR-Verk. Raflagnir, Rafis. Járnbinding, Aflbinding. Pípulagnir, Topplagnir. Blikksmiður, Blikksmiði. Dúkalagnir, Pons. Málningarvinna, Sigurður Breiðfjörð. Múrverk, TM-Bygg. Pakpappalögn, Helgason og Co hf. Gifsveggir, innréttingar, innihurðir og kerfisloft, Parketlausnir (Sævar Helgason). Plöntur í lóð, Jóhann Sigurðsson garðyrkjufraeðingur. Þökulagning, HO torf. Heflun undir malbik, Hefilverk. Malbikun, Hlaðbær - Colas. Gluggaísetningar, ÁP-verk ehf.*

### 1.10 Vinnutími

*Vinnutími verktaka er 7:30 - 18:00 virka daga. Verktaki kemur ekki til með að vinna um helgar.*

### 1.11 Verkáætlun

*Formleg áfangaskil á áfanga nr.1 var 6. nóvember. Á stöðufundi sem haldinn var 20.09.2018 var farið í sameiningu yfir útistöðvalista er snýr að áfangaskilum nr.1. Verktaki hefur unnið hörðum höndum undanfarið að klára/afgreiða atriði af umræddum lista. Meginþorri atriða er afgreiddur af hálfu verktaka. IM sendi 5. nóvember lista yfir ókláruð verkefni í byggingu C og eru atriði á fyrri lista talin þar upp að hluta til. Nýr listi frá úttekt eftirlits með verktaka á innanhússfrágangi sem gerð var 5. nóvember var sendur út fyrir fund. Útistöðvalistar eru lifandi skjöl, fundarmenn fóru í sameiningu yfir listana. Það helsta sem enn er útistandi eru eftirtalin atriði:*

- Plexigler var sett upp til bráðabirgðar í DJ-Búr og afgreiðslurými ritara á 2.hæð. Fast gler er komið á verkstað og er unnið að ísetningu þess, renniglerið er ekki komið á verkstað.
- Verktaki hefur sett upp tímabundinn vindbrjót (2stk gámar) framan við aðalanddyrshurð, sem verið hefur til vandræða undanfarið. Endanleg lausn er í skoðun hjá verktaka, sem mun leggja fram tillögu til yfirferðar/samþykktar. Komin tillaga sem er í skoðun. Verktaki hefur útfært og lagt fram tvær tillögur að lausn/úrbótum, verkkaupi og skólastjórnendur ráðgera að funda á næstu dögum og fara betur yfir framlagðar tillögur.



- *Aðgangsstýring er í vinnslu, verið að skoða möguleika að kerfi tali betur saman, þannig að starfsmenn geti notast við eingöngu eitt stk aðgangskort. Nortek er að keyra saman kerfin. Verktaki hefur fundað vegna aðgangsstýringa með aðilum. Verktaki vinnur nú að úrlausnum. Verktaki er í samskiptum við söluaðila og horfir til þess að færa alla nema yfir í sama kerfi. Verktaki kemur til með að leggja fram upplýsingar þegar gögn/niðurstaða liggur fyrir, sem tekin verði afstaða til. HTC móttakara verður skipt út fyrir Salto.*
- *Það þarf að fá masterkerfið til að virka en endanlegir sylndrar eru ekki komnir. Verktaki upplýsir um að lyklakerfi og sýlndrar séu á leið til landsins. Masterskerfi er komið á verkstað þ.m.t sylndrar og lyklar, uppsetning á næstu dögum.*
- *Hússtjórnarkerfið er tilbúið en er ekki fulltengt við aðgangsstýrikerfið. Engar myndavélar eru tengdar við kerfið og eru ekki komnar upp. Að sögn verktaka vantar IP-tölu frá tölvudeild til að virkja kerfin. IP-talan er komin en viðmótið er ekki enn komið. Iðnaðartölva er uppsett og hússtjórnarkerfið sem slíkt er virkt. Aðalverktaki á að sjá til þess að kenna stjórnendum á kerfið og viðmót, sem verður gert. Myndavélakerfi er ekki virkt, hvorki myndavélar innan- né utanhúss. Hússtjórnarkerfið er komið í gagnið að einhverju leyti og hefur húsverður fengið hlutakennslu á það. Enn er unnið að því að koma hússtjórnarkerfinu að fullu í gagnið, eftir stendur t.a.m að virkja ljósastryringar.*
- *Hurðarhúna hafa verið losaralegir, verktaki hugar að úrbótum vegna þessa, beðið er eftir sendingu íhluta (úr stáli). Verktaki mun yfirfara og lagfæra hurðarhúna, skoða þarf kólfa og ganga úr skugga um að húna losni ekki svo auðveldalega af. Ó.br. frá síðasta verkfundi, eftir stendur að skiptu út kólfum.*

Verktaki hefur ekki lokið við eftirstöðvalista að fullu. Verktaki, eftirlit og skólastjórnendur fóru heildstætt yfir húsbyggingu C og eftirstandandi frágangsaþriði þann 16. Janúar 2019. Í framhaldinu sendi eftirlit frá sér orðsendingu nr. 002 þar sem listuð voru öll útistandandi aþriði. Verktaki vinnur að því að ljúka við eftirstöðvalista, umræddur listi fylgir sem viðhengi með fundargerð þessari.

## 1.12 Gæðamál og verklagslýsingar

*Leki kom upp í lyftu og rafmagnsstokk. Finna þarf út hvaðan vatnið kemur og þétta. Svo virðist sem lekið hafi með lögnum inn í lyftu- og rafmagnsstokkinn. Búið er að þétta að innanverðu en grafa verður frá húsinu að utanverðu og skoða betur þegar farið verður að helluleggja.*



### 1.13 Mannafli og tæki

Mannskapur og tæki verkstað á fundardegi:

Mannskapur	
Stjórnun	2
Húsasmiðir	11
Rafvirkjar	2
Píparar	0
Málarar	1
Blikksmiðir	4
Dúkarar	3
Verkamenn	4
Múrarar	1
Aðrir	0
<b>Samtals:</b>	<b>28</b>

Tæki	
Byggingarkrani	1
Trailer	0
Beltavél	1
Hjólavél	0
cat	1
<b>Samtals:</b>	<b>3</b>

## 2 Verktakaverkið

### 2.1 Verkstaða - verkáætlun

*Verktaki hefur upplýst að stefnt sé á að fullklára kennarastofu (í húsi D) fyrr en áætlað var og afhenda til afnota, stefnt að vormánuðum 2019.*

*Verkstaða verksins í heild sinni er í góðu horfi og skil á næsta áfanga verður samkvæmt áætlun. Hins vegar er verið að hægja á framkvæmdum til samræmis við greiðsluáætlun þannig að lokaskil verða samkvæmt upphaflegri áætlun.*

Áfram verður unnið af fullum krafti að uppsteypu og frágangi utanhúss en hægt hefur verið á frágangi innanhúss.

### 2.2 Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn

*Verktaki hefur lagt fram tillögu að vindfangi/vindbrjóti framan við útihurðir á suðurhlið C-byggingar.*

*Verið er að vinna tillögu að öðrum gólfduík í stað svarta dúksins.*

*Setja þarf styrktardúk utan á gifsveggi í íverurými barna í leikskólanum.*

*Komin er ósk um að auka gljástig málningar í 20%.*

Litaval gólfefna hefur verið töluvert til umræðu undanfarið. Ferli gólfefnavals var rakið í grófum dráttum á fundinum. Ingibjörg skólastjóri hafði á sínum tíma fundað með arkitekt og sammælt var um gólfefnaval. Gólfefnayfirlit



(teikningar) var síðar uppfært og endurútfært þann 15. nóvember, án þess að tilkynna skólastjórnendum um breytingar. Skólastjóri var í kjölfarið í sambandi við arkitekt og í sameiningu var tekin ákvörðun um gólfefnaval (5. desember). Af einhverri ástæðu var hluti gólfefnayfirlita aftur breytt eftir 5. desember og eru skólastjórnendur ekki á allt sáttir við gildandi gólfefnayfirlit og þá dúka sem verið er að leggja.

Þess hefur verið óskað að verktaki bíði með frekari niðurlögn gólfduka þar til búið er að funda og sammælast endanlega um litaval gólfduka. Stefán (VSB) kemur til með að boða til fundar hvað þetta varðar, finna þarf lendingu á litavali sem allra fyrst.

Verklýsingu frá arkitekt vantar enn, bæði fyrir frágang innan- og utanhúss.

### 2.3 Rannsóknir og prófanir

*Verktaki notast við hugbúnaðinn Ajur við innra eftirlit sitt. Verktaki kemur til með að veita eftirliti aðgang.*

### 2.4 Efnisúttegjun og samþykktir

*Efnissamþykktir eru í gangi og er haldið utan um framgang þeirra í excelskjali sem vistað er í Dropboxi verksins.*

*Verktaki staðfestir að það efni sem hann leggur til samþykkar er yfirfarið og samþykkt af hönnuðum hússins.*

*Frekari verklýsingar verkþátta hefur verið ábótavant á einhverjum sviðum, þá sérstaklega frá arkitektum (frágangur innan- og utanhúss). Fyrir liggja verklýsingar rafkerfa, lagna og loftræsingar. Þetta hefur verið til umræðu áður og var tekið fyrir á síðasta stöðufundi sömuleiðis.*

*Brýnt er fyrir verktaka að ganga eftir þessu við hönnuði, verklýsingar berist til verkkaupa til yfirferðar. Umræddar verklýsingar eru lykilþáttur og grundvöllur við yfirferð eftirlits á efnissamþykktum. Verktaki mun fara yfir með ráðgjöfum og ganga eftir því að verklýsingar berist.*

*Verktaki er að leggja inn í dag efnissamþykktir fyrir loftræsisamstæðu í F-húsið til samþykkta. Eftirlit hefur gert athugasemdir við efnissamþykktina sem verið er að skoða. Búið er að svara þessu að hluta en beðið er eftir frekari upplýsingum frá söluaðila varðandi loftmagn. Eftirlit kemur til með að taka afstöðu til síðar í dag.*

Samanber fundarlið nr 2.2 þá hefur litaval á gólfduki verið mikið til umræðu. Sem stendur er litaval enn í lausu lofti og aðilar ekki sáttir með gildandi gólfefnayfirlit, sem hefur tekið breytingum frá fundi arkitekts og skólastjóra. Fundað verður um málefnið og leyst á allra næstu dögum.



## 2.5 Verklag og verkþáttarýni

Sjá lið 2.2 hér að framan.

## 3 Framvinda

### 3.1 Verkstaða - verkáætlun

#### Hús A:

Búið er að einangra útveggi og uppsetning undirkerfis utanhússklæðningar er lokið. Unnið er að uppsetningu utanhússklæðningar. Innanhúss hefur verktaki unnið að spörlun/málun veggja og almennt í pípulögnum og rafkerfum. Eftir er að mála lokaumferð á báðum hæðum. Uppsetning loftræsikerfis og kerfislofta er í gangi og dúklögn 2.hæðar er hafin.

	1.hæð	2.hæð
<i>Innveggir</i>	100%	100%
<i>Rafkerfi</i>	90%	90%
<i>Lagnir</i>	90%	90%
<i>Loftræsing</i>	50%	95%
<i>Kerfisloft</i>	20%	90%
<i>Dúklögn</i>	20%	40%
<i>Málun</i>	<i>Lokaumferð eftir</i>	<i>Lokaumferð eftir</i>

#### Hús B:

Búið er að einangra útveggi og uppsetning undirkerfis utanhússklæðningar er lokið. Innanhúss hefur verktaki unnið að spörlun/málun veggja og almennt í pípulögnum og rafkerfum. Eftir er að mála lokaumferð á báðum hæðum. Uppsetning loftræsikerfis og kerfislofta er í gangi og dúklögn 2.hæðar er hafin.

	1.hæð	2.hæð
<i>Innveggir</i>	100%	100%
<i>Rafkerfi</i>	90%	90%
<i>Lagnir</i>	90%	90%
<i>Loftræsing</i>	50%	95%
<i>Kerfisloft</i>	-	75%
<i>Dúklögn</i>	10%	70%
<i>Málun</i>	<i>Lokaumferð eftir</i>	<i>Lokaumferð eftir</i>

#### Hús C:

##### Utanhúss:

Uppsetningu utanhússklæðningar er lokið að fullu ef frá er talin súla að norðanverðu, undirkerfi og flasningar eru upp komnar og verið er að sníða klæðningu til.

##### Innanhúss:

Verktaki hefur unnið að lokafrágangi innanhúss, til samræmis við útistöðvalista, sjá nánar í undir fundarlið 1.11. Vísað er til orðsendingar eftirlits nr. 002, samantekinn eftirstöðvalisti fyrir húsbyggingu.





## Hús D:

Búið er að einangra útveggi og uppsetning undirkerfis utanhússklæðningar er lokið. Pakgluggi er kominn á verkstað og búið er að ganga frá þakfleti að fullu. Innanhúss er léttir innveggir upp komnir og unnið hefur verið að pípulögnum og raflögnum á 1. og 2.hæð. Búið að þétta með gluggum. Búið að sparsla, grunna og mála eina umferð á skrifstofum kennara.

	1.hæð	2.hæð
Innveggir	100%	100%
Rafkerfi	40%	40%
Lagnir	40%	40%
Loftræsing	-	-

**Hús E :** Þakeinangrun og torf er komið að verkstað og búið er að pappaleggja þakflöt. Ísetning glugga og hurða er lokið, þá er búið að flota báðar hæðir.

**Hús F:** Búið er að steypa upp vegg 2.hæðar og unnið er að því að hífa holplötur yfir 2.hæð.

## Lóðarfrágangur:

*IM talar við verkkaupa varðandi frágang vestan við leiksvæði.*

**Gróður:** *Búið er að tyrfa gróðurbeð til bráðabirgðar, gróðursett verður í beðið næsta vor.*

Amfi-tröppur bak við C-byggingu: Eftir er að steypa eitt þrep auk stigans.

## Áætlun næstu tvær vikur:

**Hús A:** Unnið verður að klæðningu utanhúss. Áfram unnið að uppsetningu kerfislofta, loftræsikerfis og rafkerfis.

**Hús B:** Unnið verður að klæðningu utanhúss. Áfram unnið að uppsetningu kerfislofta, loftræsikerfis og rafkerfis.

**Hús C:** Í megindráttum verður áfram unnið að úrlausn/afgreiðslu á atriðum eftirstöðvalista. Farið verður í klæðningu á súlu á 2.hæð að norðanverðu.

**Hús D:** Ekkert bókað.

**Hús E:** Veggur uppsettur til að afmarka kennarastofu.

**Hús F:** Ásteypulag á holplötur. Gustloka og byrja að kynda.

**Annað:** Ekkert bókað.

**3.2 Hönnun, breytingar. Teikningar og önnur gögn**

Ekkert bókað.

**3.3 Rannsóknir og prófanir**

Ekkert bókað.

**4 Önnur mál****4.1 Magntölur og reikningar**

*Rætt um magntölur sem sumar hverjar eru komnar yfir 100% í magntöluskrá. Magntöluskráin er aðeins vinnuþlagg en er ekki ráðandi varðandi endanlegan kostnað. Það er tilboðsupphæð verktaka sem gildir þó greitt sé eftir magnskránni inn á verkið.*

*Verktaki og verkkaupi hafa fundað vegna greiðslutilhögunar og verkframvindu, ákveðið er að fylgja upphaflegri greiðsluáætlun.*

Eftirlit hefur samþykkt framvindureikning nr. 17 að umfangi. Umræddur framvindureikningur hefur ekki verið skrifaður út og greiddur þar sem framvinda er komin fram yfir greiðsluáætlun, sem verkkaupi heldur sig við.

Eftirtaldir reikningar hafa verið greiddir vegna verksins.

Innb. Nr.	Dags	Vísitala reikn	Framvinda Kr.	Vísitala Kr.	Alls m. verðb.	
1.	1.9.2017		20.428.635		20.428.635	
2.	1.10.2017	135,1	64.922.246	1.726.655	66.648.901	
3.	1.11.2017	135,8	97.194.869	3.101.964	100.296.833	
4.	1.12.2017	136,1	112.039.154	3.831.126	115.870.280	
5.	1.1.2018	136,5	106.852.143	3.978.537	110.830.680	
6.	1.2.2018	137	72.889.512	2.990.907	75.880.419	
7.	1.3.2018	136,9	123.708.353	4.982.175	128.690.529	
8.	1.4.2018	137	113.486.034	4.656.722	118.142.755	
9.	1.5.2018	137,4	205.809.708	9.070.641	214.880.349	
10	1.6.2018	139,1	160.952.927	9.172.849	170.125.776	
11	1.7.2018	139,2	247.271.257	14.280.103	261.551.360	
12	1.8.2018	139,9	288.891.031	18.220.331	307.111.362	
13	1.9.2018	139,9	241.537.100	15.233.723	256.770.823	
14	1.10.2018	140,2	154.397.832	10.089.828	164.487.660	
15	1.11.2018	141	148.489.713	10.606.408	159.096.121	
16	1.12.2018	141,6	157.301.987	11.953.039	169.255.025	
17	10.01.2019	142,1	74.446.964	5.939.917	80.386.881	Ógr.
Alls			2.390.619.465		2.520.454.388	



#### 4.2 Auka- og viðbótarverk

*Verktaki vekur athygli á tenging göngustíga við göngustíga á bæjarlandi hafi verið aukaverk. Verktaki taki saman umfang og geri grein fyrir, aukaverk verði á sérreikningi. Búið er að senda samantekt á Stefán og Ingibjörgu. Fundur hefur verið haldinn vegna hljóðkerfis. Búið er að fara yfir tillögu verktaka að hljóðkerfi í matsal og samþykkja, verkkaupi sendir minnisblað því til staðfestingar.*

*Fundur um aukaverk var haldinn milli VSB og verktaka. VSB mun funda með eftirliti í framhaldi til að fara yfir þessi aukaverk. Afgreiðsla aukaverka er í ferli.*

#### 4.3 Kröfur

Ekkert bókað.

#### 4.4 Ýmis önnur mál

*IM ætlar að athuga merkingar á stofum. Ó.br., IM mun skoða.*

*Fyrir liggja áhyggjur frá foreldrafélagi skólans, sem hefur áhyggjur af staðsetningu hjólastanda m.t.t umferðar þar í kring. Farið var yfir möguleika þess eðlis að koma fyrir einhverskonar árekstravörnum. Verktaki mun skoða frekar í samráði við hönnuði, skoða varanlega lausn. Í framhaldi af ábendingum frá foreldrafélagi vegna skorts á árekstrarvörnum við hjólastanda hefur verktaki kynnt tvær tillögur. Skólastjórnendur hafa yfirfarið og tekið afstöðu til. Árekstarvarnir hafa verið pantaðar og eru komnar á verkstað, búið er að mála þær og niðursetning á næstu dögum.*

Rætt um gúmmímottur í anddyri. Almenn ánægja er með þær gúmmímottur sem upp hafa verið settar á 2.hæð í húsbyggingu C. Staðfest er að notast verði við slíkar gúmmímottur í öllum áföngum.

#### 4.5 Næsti verkfundur

Næsti verkfundur verður miðvikudaginn 13. febrúar, kl. 14:00, á verkstað.

f.h.  
eftirlits

---

Umsjónarmaður

f.h.  
verkkaupa

---

Fulltrúi verkkaupa



**Fylgiskjöl:** Ljósmyndir frá verkstað, eftirstöðvalisti í húsbyggingu C.

**Staðfesting á samþykki fundargerðar:**

Fyrir verktaka: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_



*Unnið að hífingum holplatna yfir 2.hæð í húsbyggingu F.*



*Búið að einangra útveggi og setja upp undirkerfi utanhússklæðningar í húsbyggingu D.*





*Unnið að utanhússklæðningu í húsbýggingu A, norðurhlíð.*



*Unnið að utanhússklæðningu á gaffli húsbýggingar A.*



*Frágangur innanhúss á 1.hæð í húsbýggingu A og B.*



*Dúklögn og uppsetning kerfisolfta vel á veg komin á 2.hæð í húsbýggingum A og B.*





*Búið að sparsla, grunna og mála eina umferð í skrifstofurými kennara, 2.hæð í húsi D.*






*Unnið að frágangi innanhúss í húsbýggingu D, 2.hæð.*



*Búið að flota 1. og 2.hæð í húsi E. Ísetningu hurða og glugga er lokið.*



Yfirlitsmynd til útskýringar, með vísan í stofunúmer í atriða-/útistöðvalista í húsbýggingu C.

Nr.	Athugasemdir
<b>1.hæð</b>	
1	Frágangur í horni við inngangshurð að húsvarðarherbergi.
2	Lagfæra frágang á raflögnum ofan við innri anddyrishurð við aðalinngang.
3	Endurplasta/lagfæra innri anddyrishurð og ganghurð þar sem gengið er í átt að skólastofum.
4	Gapir með rósettum undir handlaugum, almennt í nýbyggingu. Búið er að lagfæra á flestum stöðum, eftir stendur að lagfæra t.a.m í stofu nr.1 og nr. 7. Fara yfir heildstætt og lagfæra.
5	Kítta með ofnalögnum sem liggja í gegnum vegg. Yfirfara heildstætt í húsbýggingu C, vantar í það minnsta í stofu nr. 1, stofu nr.2 og inni í kennarastofu.
6	Hurð í stofu nr. 1 og hurð í millistofu (á milli stofu nr.1 og nr.2) gengur niður í dúk og skaddar, skoða fellipróskuld.
7	Mála kítta í dúklit á snyrtingum á 1.hæð (á milli stofu nr.1 og nr.2).
8	Lagfæra dúk undir fellivegg sem ekki var miðjusetur, fleki hefur skemmt gólfdukk. Búið er að lagfæra fleka felliveggjar en eftir stendur að lagfæra gólfdukk á umræddu svæði.
9	Almennt vantar sylendra í skrár hurða á 1.hæð.
10	Fara almennt yfir hurðarhúna og aðgangsstýringar og herða upp á, hafa verið losaraleg. Sérstaklega er bent á stofu nr. 8.
11	Vantar hún á hurð að töflurými.
12	Rauf eftir slúttjárn í trélista á innri anddyrishurð.
13	Hurðir inn í stofur nr. 6 og nr. 2 rekast niður í dúk. Sömuleiðis hurð inn á salerni (á milli stofa nr. 3 og nr. 4).
14	Fara heildstætt yfir fellipróskulda á hurðum 1.hæðar, ganga ekki upp við opnun hurða og rekast þar með og strjúkast eftir gólfdukkum og rispa.
15	Laga akrýlkítta að innanverðu í stofum nr. 3 og nr. 5.
16	Endi á lista ofan við glugga í stofu nr. 8 er ómálaður.
17	Sprungu í steypum vegg í stofu nr. 2.
18	Kítta í kverkar gluggapósta í kennarastofu.
19	Inni í aðliggjandi rými í kennarastofu falla tvöfaldar hurðir illa að karmi, einnig þarf að kítta í samsetningar hurðarkarma.
20	Lagfæra brún yfir handriði í stigahúsi, plata yfir 1.hæð við matsal.



<b>2.hæð</b>	
21	Lagfæra kittisfyllingu í litla glugga við stigahús (matsalmegin).
22	Lagfæra kittisfyllingu ofan við snyrtingu fatlaðra.
23	Vantar hurðarhún á hurð frá eldhúsi út á svalir/göngubrú (uppsettur er bráðabirgðarhúnn).
24	Læsing á hurð inn í tæknirými loftræsingar er laus, herða þarf uppá.
25	Lagfæra sprungur í lofti við léttu vegg í matsal, þar sem ísskápur er staðsettur.
26	Útvega kæliskáp í matsal, nú er til staðar ísskápur sem er í eigu Skarðshlíðarskóla. Skoða hvort verktaki hafi ekki átt að setja þar upp ísskáp til samræmis við forsögn.
27	Slúttjárn stendur útúr innri anddyrshurð (framan við salerni).
28	Yfirfara hurðastoppa á tvöfaldri hurð framan við aðstöður ritara og DJ-búrs. Stoppari er staðsettur of ofarlega þannig að neyðarlæsing virkar ekki sem skyldi, lokar ekki.
29	Mála undir glugga sem skilja að stigahús og matsal (stigahúsmegin).
30	Skoða möguleika þess að setja sterkari plötur í gluggabotna í matsal, t.a.m. MDF plötur. Sem stendur eru þarna gifsplötur sem merjast auðveldlega og farið er að sjá á þeim nú þegar.
31	Ómálaðar ofnalagnir niður við gólf í matsal (við svalir) og framan við skrifstofu skólastjóra.
32	Í rými framan við skrifstofu skólastjóra þarf að lagfæra í kringum ofnalagnir, kitta.
33	Lagfæra hurð inn á skrifstofu ritara, gapir með samsetningu karmstykka.
34	Vantar hurðarhún á hurð að innra rými/lager í tónlistarstofu.
35	Laga frágang með rósettum undir handlaug í eldhúsi, gapir með þeim.
36	Vantar gler í innri anddyrshurð á 2.hæð, þar sem gengið er út á svalir/göngubrú.
37	Lagfæra raflagnir að rafdrifnum rúllugardinum í matsal. Utanálíggjandi og illa frágengið upp við loft. Skoða þarf innfræingu lagna þegar skólastarf er ekki í gangi (næsta sumar?).
38	Dúklögn skemmd á tveimur stöðum í matsal, skoða skemmdir og meta næstu skref.
39	Vantar gler í DJ-búr og aðstöðu ritara. Plexigler er uppsett til bráðabirgða.
<b>Önnur atriði, almennt um húsbyggingu C</b>	
40	Sylendra vantar á hurðir almennt í nýbyggingu. Masterskerfi er ekki komið í gagnið.
41	Fara þarf heildstætt yfir frágang á hurðum og húnum í nýbyggingu. Víða leggjast tvöfaldar hurðir illa saman, gapir mikið á milli þeirra þegar þær standa lokaðar.
42	Ekki er búið að kenna starfsfólki á hússtjórnarkerfi. Ekki búið að setja upp skjái fyrir viðmót sem umsjónarmaður eigna getur haft yfirsýn með virkni kerfa.
43	Aðgangsstýringar tala ekki saman, þarf að samkeyra þannig að hægt sé að notast við eitt stk aðgangskort.
44	Myndavélakerfi og viðmót ekki komið í gagnið.
45	Læsingar/aðgangsstýring á djúpgámum er óvirk.
<b>Önnur atriði til skoðunar, hönnunarmál</b>	
46	Fara þarf yfir gólfefnayfirlit heildstætt. Skólastjórnendur hafa gert athugasemdir við litaval og telja það ekki vera til samræmis við umræður á fundum vegna litavals. Lagt var upp við verktaka að endurskoða gólfefnayfirlit og senda til yfirferðar/umsagnar, verktaki hefur gert það. Skoða þarf í framhaldinu og taka endanlega ákvörðun.
47	Eins og fram hefur komið á umræðum á verkfundum, hafa skólastjórnendur gert athugasemdir við lýsingu á lóð og bílastæðum norðan nýbyggingar. Lýsing á lóð þykir ekki vera fullnægjandi. Þetta þarf að skoða í samráði við ráðgjafa, hönnunarmál.
48	Umsjónarmaður/húsvörður hefur lagt fram fyrirspurn vegna loftræsikerfis/samstæðu. Því er velt upp hvort ekki eigi að vera möguleiki að stýra ganghraða loftræsikerfis, þ.e. minnka og eða auka loftræsinguna í einstaka rýmum, hún virðist einungis ganga á einni stillingu. Eftirlit og verktaki skoði frekar í sameiningu.